



# Samtök um Þjóðareign

Brautarholt 4, 105 Reykjavík, Sími 552 7200

Reykjavík, 3. desember 1997

Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/439*  
*komudagur 8.12.197*

Vegna beiðni yðar um að Samtök um Þjóðareign láti í ljósi álit á frumvarpi til laga um hámark veiðiheimilda er rétt að eftirfarandi komi fram.

1. Samtökin hafa það að markmiði að stuðla að því að tryggja öllum íslenskum þegnum jafnan rétt til þess að hagnýta auðlindir íslenskrar efnahagslögsögu og vinna með öllum lögmætum ráðum, þar á meðal lögsókn, að því að ná þessu markmiði sínu.
2. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því að stuðla að samvinnu þeirra sem vilja tryggja að þjóðin öll njóti réttláts arðs af sameign sinni, Íslandsmiðum. Þetta eru samtök sjálfstæðra Íslendingar sem una ekki óréttlæti ómálefnalegar úthlutunar aflaheimilda og veiðileyfa.

Með ofangreint í huga er ljóst að samtökin hafa ekki áhuga á að fjalla um ofangreint frumvarp. Frumvarpið, ef það verður að lögum, getur með engu móti lagað ranglætið. Það kæmi heldur ekki í veg samsöfnun aflaheimilda umfram það sem á að vera tilgangur frumvarpsins. Samtökin eru andvíg úthlutun aflaheimilda án þess að allir íslenskir þegnar njóti þar jafnræðis.

F.h. Samtaka um Þjóðareign

  
Valdimar Jóhannesson, framkvæmdastjóri